

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Vatneyri í Barðastrandarsýslu verði gjörð að póstafgreiðslustað.** 125  
3. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi, dags. 22. f. m., skal hjermeð ákveðið, að í stað brjefhirðingar þeirrar, sem nú er á Vatneyri við Patreksfjörð, verði þar sett á stofn póstafgreiðsla frá næsta nýári að telja.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því sem við á.

**Til allra sóknarpresta landsins.** Að gefnu tilefni þykir stjórnarráðinu rjett að benda yður, velæruverðugi herra, á það skilyrði nógildandi fjárlaga fyrir landssjóðsstyrk handa sveitakennurum, að styrkur þessi veitist aðeins gegn því, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarstaðar að, auk fæðis, að minnsta kosti helming móts við landssjóðsstyrkinn. 126  
6. nóv.

Framvegis verða því að fylgja kennsluskýrslum sveitakennara greinilegar skýrslur um kaup þeirra, og verður að taka beint fram, hvað kennarinn hafi í laun, auk fæðis (eða fæðispeninga, sem þá verður að tilgreina). Annars verður kennurunum enginn styrkur veittur úr landssjóði.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar sveitakennurum í prestakalli yðar.

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um flutning póstafgreiðslunar í Kirkjubæjarklaustri í Vesturskaptafellssýslu að Prestsbakka í sömu sýslu.** (Ágrip). 127  
22. nóv.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi, dags. 13. þ. m., hefur stjórnarráðið ákveðið, að póstafgreiðslan í Kirkjubæjarklaustri í Vesturskaptafellssýslu skuli flutt að Prestsbakka í sömu sýslu.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um flutning þingstaðar.** 128  
1. desbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefum, dagsettum 3. marz og 6. október þ. á., og beiðni hreppsnefnarinnar í Arnarneshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hjalteyri að Ytra Bakka, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Íslandi um embættislán handa Hvanneyrarprestakalli.** 129  
6. desbr.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 23. f. m., og beiðni hlutaðeiganda veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess, að presturinn

**129** að Hvanneyri sira Bjarni Þorsteinsson taki upp á tekjur prestakallsins 1800 kr. 6. desbr. viðbótarlán til þess að stækka og endurbæta íbúðarhúsið á prestssetrinu á þann hátt, er gert er ráð fyrir í erindi hans, sem fylgdi brjefi yðar, þó þannig, að at-  
hugasemdir húsameistara Rögnvalds Ólafssonar verði teknar til greina. Sam-  
þykki þetta er þeim skilyrðum bundið, auk hinna venjulegu skilyrða um vá-  
tryggingu og vandaðan frágang, að húsið verði eign prestakallsins og að því  
verði á sínum tíma skilað í gildu standi eða með fullu álagi, ennfremur að lánið,  
sem eigi fæst úr landssjóði, verði fengið með sem vægustum vaxtakjörum, að það  
verði endurborgað á næstu 18 árum með 100 kr. á ári auk vaxta, og að helm-  
ingur lánsins verði eigi tekinn fyrir en sannað er með áreiðanlegri skoðunargjörð,  
undir umsjón prófests, að húsið sje fullgert og vandlega frá smíðunum gengið.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til  
frekari birtingar og ráðstöfunar.

**130**  
20. oktbr.

## Reglugjörð

um

**hversu haga skuli eldstæðum og reykþípum í húsum, váttryggðum  
í brunabótasjóðum sveitarfjelaga, svo og um annað það,  
sem nauðsynlegt er til varnar eldsvoða.**

Samkvæmt lögum 20. okt. 1905 um váttrygging sveitabæja og annara  
húsa í sveitum, utan kaupþína, eru hjermeð settar eptirfarandi reglur um, hversu  
haga skuli eldstæðum og reykþípum í húsum, váttryggðum í brunabótasjóðum  
sveitarfjelaga, svo og um annað það, sem nauðsynlegt er til varnar gegn eldsvoða.

1. gr.

Þar sem ofn eða eldavjel stendur á trjególfi, skulu þau standa á undir-  
stöðu, er sje 8 þuml. á hæð og annaðhvort úr kalkbundnum steini eða jární; sje  
neðst í ofninum rist og því öskuskúffa í undirstöðunni og hún hol innan, skal  
vera undir skúffunni járnþynna, er fylli úti holið, 2 þuml. frá gólfi að minnsta  
kosti; þekja skal gólfíð framundan ofninum eða eldavjelinni með einhverju efni,  
sem ekki er eldnæmt, t. d. með járnþynnu; skal járnþynnan, eða það sem í  
hennar stað er notað, ná að minnsta kosti 12 þumlunga fram á gólfíð fyrir  
framan ofninn eða eldavjelina, og að minnsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn  
eða eldavjelina til hliðanna og að aptanverðu.

Ofnar og eldavjelar mega ekki standa nær timburveggjum eða timbur-  
stöðum en svo að 8 þumlungar sjeu milli viðarins og ofnsins.

Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum sem trje er í eða  
þar sem trjebitar eru í gólfi. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sje skemmra  
en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stöðum eða öðrum viðum.